

## Fundur í skólaráði Kópavogsskóla fimmtudaginn 15. mars kl. 08:00-09:30

Mætt: Pálmi og Jóhannes fulltrúar foreldra, Birna Bj. fulltrúi kennara, Hildur Elfa fulltrúi annarra starfsmanna og Guðmundur skólastjóri. Svanborg kennarafulltrúi er fjarverandi vegna nemendaferðar og Aðalheiður grendarfulltrúi boðaði forföll. Fulltrúar nemenda fengu fundarboð en voru uppteknir í öðru. Guðný aðstoðarskólastjóri fjarverandi og skólastjóri ritaði fundargerð.

Fundarefni:

Þróunarmál í skólastarfinu

- Skólastjóri fór yfir þróun og breytingar sem eru að verða á kennsluháttum. Sumar þeirra tengjast notkun spjaldtölva og aðrar ekki. Kennslan er að verða mun einstaklingsmiðaðri en áður og kennarar margir hverjir með nýja nálgun á kennsluna. Rætt um heimsókn Þorgríms Þráinssonar rithöfundar sem var með ritsmiðju fyrir nemendur í 5.-7. bekk í síðustu viku og hún heppnaðist mjög vel. Menntabúðir hafa verið á ca. 2 vikna fresti í vetur. Þar kynna kennarar skólans ýmsar nýjungar fyrir öðrum kennurum. Mjög áhugavert verkefni og er að færast yfir í aðra skóla í Kópavogi.

Starfsáætlun 2018-2019

- Skólastjóri ræddi um vinnu við starfsáætlun sem skólum er skylt að gefa út á hverju skólaári. Þar eru ýmsar upplýsingar um skólastarfið teknar saman og vinna við starfsáætlun skólaársins 2018-2019 er hafin. Hún á að vera tilbúin í september/október líkt og undanfarin ár. Skóladagatal er hluti af starfsáætlun. Pálmi benti á að nauðsynlegt væri merkja árshátíð unglíngastígs sérstaklega á skóladagatalið því hún er að kvöldi dags. Réttmæt ábending sem verður brugðist við

Önnur mál

- Skólastjóri kynni fyrirhugaðar breytingar á kennslueldhúsi skólans. Það er komið til ára sinna og verður endurnýjað í sumar. Stofan verðu endurhönnuð frá grunni og það ver er unnið í samráði við heimilisfræðikennara og skólastjórnendur. Einnig rætt um breytingar á mötuneyti skólans en þær voru kynntar sérstaklega á opnum fundi skólaráð 14. mars. Umræða varð um húsnæði skólans sem er að nálgast þolmörk hva nemendafjölda varðar. Mikilvægt að fara að huga að framtíðarskipulagi í þeim málum því nemendum fjölgar hratt.
- Jóhannes ræddi um vetrarleyfi grunnskólanna og telur að betur fari á því að vera með lengra frí að hausti og ekkert frí á vorönn. Menntasvið Kópavogsbæjar sendir út könnun til foreldra og starfamanna grunnskóla á ca. 3 ára fresti um skipulag vetrarfrísins og niðurstöðurnar eru ráðandi. Skólastjóri mun ræða við stjórn foreldrafélagsins um málið sem þarf síðan að fá umræðu á vetvangi SAMKÓP um framtíðarskipan vetrarleyfismála.
- Umræða um samræmd próf, fyrirkomulag þeirra og þá stöðu sem komin er upp eftir að framkvæmd Menntamálastofnun við fyrirlögn hjá 9. bekk misfórst. Umræðu frestað og haldið áfram á næsta fundi skólaráðs.